

19. ágúst 2015

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á öðrum ársfjórðungi 2015:

## Góð hagnaðaraukning og stöðugur rekstur

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir annan ársfjórðung 2015 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 19. ágúst 2015.

- Hagnaður á ársfjórðungnum nam 300 m.kr. og jókst um 43% – hagnaðaraukning á fyrri helmingi ársins nam 56%
- Tekjur jukust um 3% bæði á ársfjórðungnum og á fyrri helmingi ársins
- EBITDA hagnaður nam 776 m.kr. á ársfjórðungnum og hækkaði um 16% á milli ára – EBITDA á fyrri helmingi ársins hækkaði um 14%
- Framlegð hækkaði um 5% á fjórðungnum – hækkun einnig 5% á fyrri helmingi ársins
- Rekstrarkostnaður lækkaði um 1% á milli ára
- Eiginfjárlutfall var 57,2%
- Handbært fé frá rekstri 41% hærra en á sama tímabili 2014

### Lykiltöluyfirlit:

	2F 2015	2F 2014	Breyt.	% breyt.	6M 2015	6M 2014	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.408	3.294	114	3%	6.660	6.467	193	3%
Kostnaðarverð	1.806	1.775	31	2%	3.547	3.513	34	1%
Framlegð	1.602	1.519	83	5%	3.113	2.954	159	5%
Rekstrarkostnaður	1.148	1.154	-6	-1%	2.264	2.301	-37	-2%
EBITDA	776	671	105	16%	1.495	1.306	189	14%
EBIT	454	365	89	24%	849	653	196	30%
Hrein fjármagnsgjöld	84	104	-20	-19%	181	225	-44	-20%
Hagnaður tímabilsins	300	210	90	43%	537	345	192	56%
<i>Framlegð (%)</i>	47,0%	46,1%			46,7%	45,7%		
<i>EBITDA %</i>	22,8%	20,4%			22,5%	20,2%		
<i>EBIT %</i>	13,3%	11,1%			12,8%	10,1%		

## Stefán Sigurðsson, forstjóri:


„Niðurstaða uppgjors annars ársfjórðungs er ánægjuleg eða 43% aukning hagnaðar á ársfjórðungnum á milli ára. Niðurstaðan endurspeglar eins og í fyrri þremur uppgjörum aðhaldsaðgerðir í rekstri síðastliðið sumar auk áframhaldandi sóknar fyrirtækisins í þjónustu bæði gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum.

Dæmi um uppbyggingu þjónustu til viðskiptavina á síðasta fjórðungi er ný sjónvarpsþjónusta okkar, Vodafone PLAY, áskriftarveitubjónusta (e. SVOD) sérhönnuð fyrir íslenskan markað. Til viðbótar kynntum við bresku áskriftarveitubjónustuna Cirkus til leiks undir lok fjórðungsins, en hún býður yfir 600 klukkustundir af breskum gæða þáttaröðum úr smiðju ITV og BBC. Báðar þessar þjónustur eru liður í áherslu fyrirtækisins að mæta aukinni eftirspurn viðskiptavina eftir gagnvirku gæða sjónvarpi.

Uppbygging 4G farsímakerfis okkar út um landið og miðin hélt áfram á fjórðungnum og hefur mælst mjög vel fyrir ekki síst meðal sjófarenda.

Áfram verður haldið að styrkja þjónustuframboð gagnvart viðskiptavinum eins og nýjustu útspil okkar sýna; það er 500 mbps ótakmarkað internet yfir ljós, það hraðasta sem boðið er hér á landi, auk þess sem við munum bjóða Office 365 hugbúnað til okkar fyrirtækjaviðskiptavina í haust í samvinnu við Microsoft og Vodafone Group.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2011



## Rekstrarafkoma á 2. ársfjórðungi 2015:

Tekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi 2015 námu 3.408 m.kr. og hækkuðu um 3% eða 114 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2014. Flokkun tekna er með sama sniði og í uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2015, þar sem vörusala hefur verið tekin úr öðrum tekjum og sértilgreind en heildsöluhluti annarra tekna heimfærður á aðra starfsþætti. Tekjur af vörusölu námu 414 m.kr. og jukust um 84 m.kr. eða sem nemur 25% á milli ársfjórðunga. Tekjur af interneti jukust um 52 m.kr. á ársfjórðungnum eða sem nemur 7% á milli ára. Sjónvarpstekjur jukust um 5 m.kr. eða 1% samanborið við sama ársfjórðung 2014 og aðrar tekjur jukust um 8 m.kr. eða 5% á sama tímabili. Tekjur af farsíma námu 1.225 m.kr. og lækkuðu um 7 m.kr. eða 1% á milli ársfjórðunga. Á Íslandi jukust farsímatekjur félagsins um 2% á ársfjórðungnum en í Færeyjum drógust þær saman um 8%, einkum vegna reglugerðarbreytinga og aukinnar samkeppni í Færeyjum.

Framlegð fjórðungsins nam 1.602 m.kr. og hækkaði um 83 m.kr. eða 5% frá sama ársfjórðungi 2014. Rekstrarkostnaður nam 1.148 m.kr. á tímabilinu og lækkaði um 6 m.kr. eða sem nemur 1% á milli ára.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 776 m.kr. og hækkaði um 16% frá sama ársfjórðungi 2014. Þetta er mesti EBITDA hagnaður á öðrum ársfjórðungi í sögu félagsins. EBITDA hlutfall tímabilsins var 22,8%.

Hrein fjármagnsgjöld héldu áfram að lækka á ársfjórðungnum, um 19% á milli ára og námu 84 m.kr.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 370 m.kr. á öðrum ársfjórðungi og hækkaði um 109 m.kr. frá sama tímabili 2014. Reiknaður tekjuskattur var 70 m.kr. Hagnaður ársfjórðungsins nam því 300 m.kr., sem er hækkan um 90 m.kr. á milli tímabila á milli ára eða 43%.


## Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2015

Handbært fé frá rekstri 2. ársfjórðungs 2015 var 857 m.kr. og jókst um 41% á milli ára. Fjárfestingarhreyfingar námu 346 m.kr. á tímabilinu sem er 101 m.kr. lækkun frá sama ársfjórðungi 2014.

Arðgreiðsla vegna rekstrarársins 2014, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins í mars, féll til í upphafi 2. ársfjórðungs og voru alls 219 m.kr. greiddar til hluthafa. Í júní gekk félagið frá endurfjármögnun á lánum sínum. Samið var við Landsbankann hf. um langtímalán til 7 ára að fjárhæð 4.500 m. kr. og rekstrarlánalínu til 5 ára að fjárhæð 500 m. kr. Frá áramótum hafa vaxtaberandi skuldir félagsins þar með breyst úr 5.099 m.kr. í 4.592 m.kr. eða sem nemur lækkun um 507 m.kr. Fjármögnunarahreyfingar lækkuðu í heild um 468 m.kr. á ársfjórðungnum.

Handbært fé í lok 2. ársfjórðungs nam 517 m.kr. sem var 240 m.kr. hærra en í upphafi fjórðungsins.

Mynd 2: Sjóðstreymi á 2F 2015  
Breytingar á tímabilinu



## Efnahagur 30. júní 2015:

Efnahagur félagsins er áfram sterkur í lok 2. ársfjórðungs 2015. Eigið fé í lok tímabilsins var 8.764 m.kr. Eiginfjárlutfall var 57,2%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 6.546 m.kr., þar af voru vaxtaberandi skuldir 4.592 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 4.075 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,2. Veltufjárlutfall var 1,6.

## Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á 2. ársfjórðungi 2015:

- Háhraða þjónustuvæði Vodafone heldur áfram að stækka og styrkjast, ekki síst út á miðin í kringum landið. Á öðrum ársfjórðungi teygði dreifisvæðið anga sína austur með suðurströnd landsins, austur fyrir Hornafjörð. Þar að auki komust Reyðarfjörður og Seyðisfjörður í 4G háhraðasamband. Þess má geta að Vodafone er nú samstarfsaðili Sjávarklasans, sem styður við áherslu félagsins á góða þjónustu og samstarf við sjávarútveginn.
- PLAY og CIRKUS, nýjar gagnvirkar þjónustur í sjónvarpi, voru kynntar til sögunnar á öðrum ársfjórðungi. Viðskiptavinir hafa tekið þessum þjónustum mjög vel enda eru þær sérsniðnar að íslenskum markaði. Um er að ræða áskriftarveitubjónustur þar sem viðskiptavinir geta horft á það sjónvarpsefni sem boðið er upp á þegar þeim hentar og er þetta liður í þeirri áherslu félagsins að mæta aukinni eftirspurn viðskiptavina eftir gagnvirku gæða-sjónvarpi.
- Vodafone hefur verið samþykkt sem endursöluaðili á Office 365 hugbúnaðinum frá Microsoft. Félagið mun selja leyfi sem Microsoft Syndication Partner í samstarfi við Vodafone Group. Office 365 er spennandi vara sem hentar vel á fyrirtækjamarkaði. Um er að ræða skýjalausn fyrir Office hugbúnaðinn sem gerir áskrifendum kleift að vinna með, deila og nálgast gögn á mismunandi tækjum, þannig að ekki skiptir máli hvort snjallsími, spjaldtölva eða fartölva eru notaðar. Styður hún þannig vel við stefnu Vodafone um að bjóða upp á bestu alhliða þjónustu á sviði samskiptalausna sem í boði er á hverjum tíma.
- Í heild hafa sex stefnur á hendur félaginu verið þingfestar þar sem gerðar eru kröfur um bætur vegna tjóns sem einstaklingar telja sig hafa orðið fyrir vegna innbrotspjófnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Vodafone í nóvember 2013 og í kjölfarið dreifingu þjófsins og annarra á hinum stolnu gögnum. Samanlögð stefnufjárhæð er 113 millj. kr., auk vaxta og málskostnaðar. Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að Fjarskipti hf. sé bótaskyld vegna innbrotsins, er það mat félagsins að fjárhæðir í þeim málum sem um teflir hafi óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins og engin skuldbinding verið færð.
- Staða annarra dómsmála sem áður hefur verið fjallað um er óbreytt, bæði þeirra sem fyrirtækið hefur haft frumkvæði að og þeirra sem beinast að félaginu. Að öðru leyti vísast til skýringar númer 7 um ágreiningsmál í árshlutareikningi.
- Framkvæmd nýrrar endurkaupaáætlunar félagsins (sjá tilkynningu frá 6. júlí 2015) er hafin. Þann 19. ágúst hefur félagið fest kaup á 2.548.495 eigin hlutum og á að viðskiptunum loknum 0,76% af útgefnum hlutum í félaginu. Samkvæmt áætluninni munu endurkaupin nema að hámarki 10.300.000 hlutum eða sem nemur 3,06% af útgefnum hlutum í félaginu, þó ekki meira en 400 m.kr. að kaupverði. Endurkaupaáætlunin gildir til 31. desember 2015 nema ef kaupum samkvæmt henni verður lokið áður.

## Horfur fyrir afkomu á árinu 2015

Áður uppgæfnar horfur fyrir rekstrarárið 2015 eru óbreyttar.

- EBITDA hagnaður ársins 2015 verði á bilinu 3,1 til 3,3 milljarðar króna.
- Fjárfestingarhlutfall verði á bilinu 10,5 til 11,5%.



## Kynningarfundur 20. ágúst 2015:

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 20. ágúst 2015 í höfuðstöðvum Vodafone að Skútuvogi 2. Á fundinum munu Stefán Sigurðsson, forstjóri, og Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, kynna uppgjörið og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8.30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á [www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl](http://www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl) og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

## Fjárhagsdagatal 2015:

- |                                 |                  |
|---------------------------------|------------------|
| ✓ Uppgjör 1F 2015:              | 29. apríl 2015   |
| ✓ Uppgjör 2F 2015:              | 19. ágúst 2015   |
| ✓ Uppgjör 3F 2015:              | 28. október 2015 |
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2015 | 17. febrúar 2016 |

Aðalfundur 2016 verður haldinn í viku 11 árið 2016.

## Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið [fjarfestatengsl@vodafone.is](mailto:fjarfestatengsl@vodafone.is) eða í síma 669-9151.